

# Námsáætlun í textílmennt veturinn 2016-2017 8. bekkur

## Áfangalýsing og kennsluhættir

8. bekkur er einu sinni í viku í textílmennt, 2 klukkutíma í senn ¼ af vetrinum. Nemendur læra að taka mál og fara eftir einföldum vinnuleiðbeiningum, að leggja snið þráðrétt á efni og að sníða einfalda flík með viðbættum saumförum. Þeir læra að sauma frjálstan útsaum í vél. Að lita efni með heitum lit. Velja sér nýja aðferð við þrjón og þeir læra um tilurð gerfífegna. Verkefnin verða lögð inn fyrir allan hópinn og vinnuferlið útskýrt. Síðan einstaklings- og parakennsla. Lögð verður áhersla á að hver nemandi er einstakur og reyni að gera **SITT** besta. Allir vinna eftir sínum forsendum og á sínum hraða. **Lögð verður mjög mikil áhersla á samhjálp og samvinnu.**

Tímab	Viðfangse.	Lýsing	Hæfniviðmið aðalnámskrár
	<b>Umgengni</b>	Rifja upp umgengnisreglur í stofunni.	<b>Sameiginleg f. list- og verkgreinar</b>
	<b>Vélsaumsleikni og vélútsaumur</b> Vinnubók f. unglíngastig	Þræða vélina og spóla - vita hvað er undir og yfirtvinni, sauma meðfram brún, fyrir horn, og síkksakka yfir brúnir. Læra að nýta saumavélina við frjálstan útsaum Mynd valin og færð yfir á léreft t.d. með því að saumað í gegnum pappír, nota kalkípappír eða draga í gegn. Vinnubók unnin úr gömlum bókakápum. Innihald: vinnulýsingar, verkefni eða myndir af öllum fullnum verkefnum af unglíngastigi. Fylgir nemanda til loka grunnskóla (geymd í skóla). ENDURNÝTING (1,2,3,4,6,7)	<b>Menningarläsi</b> <b>Nemandi getur:</b> 1 beitt tækni sem námsgreinin býr yfir á sjálfstæðan hátt, 2 tekið þátt í samvinnu með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi, 3 sýnt frumkvæði í góðri umgengni og frágangi á vinnusvæði, <b>textílmennt</b>
	<b>Vélsaumur</b> Náttbuxur	Læra að taka mál og velja sniðstærð, að leggja snið þráðrétt á efni og að sníða með saumförum. Æfa að næla, sauma meðfram brún, síkksakka yfir brún, nota faldamát og falda. Læra að vinna eftir einföldum vinnuleiðbeiningum og skrá hvernig gekk. (1,2,3,4,5)	<b>Handverk, aðferðir og tækni</b> <b>Nemandi getur:</b> 4 beitt fjölbreyttum aðferðum og áhöldum greinarrinnar við formun textílafurða, 5 unnið með snið og uppskriftir, tekið mál, áætlað stærðir og efnisþörf.
	<b>Taulitun</b>	Sokkar - Litað með heitum lit í potti á eldavél (1,2,3,4,6,7)	<b>Sköpun, hönnun og útfærsla</b> <b>Nemandi getur:</b> 6 skreytt textílafurð á skapandi og persónulegan hátt, 7 lagt mat á eigin vinnubrögð, sagt frá góðu handbragði, formi og hönnun og notað til þess viðeigandi hugtök,
	<b>Efnisfræði</b>	Læra um tilurð gerfífegna svo sem flees, rayons og viscose, frá grunni til spuna og vefnaðar með því að horfa á fræðslumyndbönd (9)	<b>Menning og umhverfi</b> <b>Nemandi getur:</b> 8 fjallað um helstu tákni og merkingar vefjarefna, 9 sagt frá vinnslu textílefna við mismunandi aðstæður og sett í samhengi við sjálfbærni og umhverfisvernd
	<b>Þrjón</b>	Lítill verkefni að eigin vali. Nemendur læri tvíbandað þrjón eða mynsturþrjón (1,3,4,5,7)	

## Námsgögn

Efni: Léreft, sokkar, þrjónagarn, taulitir, fleesofix,

Áhöld: Saumavél, straujárn, nálar, tíuprjónar, skæri, þrjónar, kalkípappír, stenslar, áhöld til taulitunar og fleira

## Námsmat

**Námsmat** tekur mið af völdum hæfniviðmiðum aðalnámskrár og eftirfarandi lykilhæfnipáttum: virkni í samvinnu, þrautseigju, sjálfstæði og ábyrgð. Þá er almenn færni í námsgreininni metin. Námsmatið fer fram jafnt og þétt yfir tímabilið.

## Kennari

Marta Aðalh. Hinriksdóttir; Martaa@akmennt.is